

Leirvogsá

Rannsókn á seiðabúskap 2019

Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, desember 2019

Samantekt

Vorið var óvenju hlýtt og skilyrði hagstæð fyrir þroskun niðurgönguseiða. Sumarið var óvenju þurr og sólríkt, Leirvogsá var óvenju vatnslítill allt sumarið og veiðskilyrði léleg auk þess sem gangan var með minnsta móti líkt og í flestum ám V-lands. Óvenju mikið fannst af seiðum, sérstaklega stórum seiðum. Mjög mikið fannst af seiðum ofan við Tröllafoss og var vöxtur þeirra mjög góður. Ljóst er að hrygningarstofn Leirvogsár er alltaf of stór og því gerir illt verra að sleppa veiddum laxi. Ber að athuga hvort ekki eigi að banna veiða sleppa því ekki er að sjá að það fjölgi heldur veiddum fiskum.

Inngangur

Sumarið 2019 var mjög þurr og sólríkt. Vorið var hlýtt, sérstaklega var apríl hlýr. Nær ekkert ringdi frá í lok maí fram í endaðan ágúst. Leirvogsá var mjög vatnslítill frá byrjun júní og fram í september en þá fór að rigna. Laxveiði á landsvísi var með endemum léleg nema á NA- horninu, þar var hún í eða yfir meðalagi. Ekki voru menn á einu máli um ástæðuna frekar en endranær, en ég minni á orð mín úr Leirvogsárskýrslu fyrir árið 2017 en þar sagði:

Mikið fannst af smáseiðum en lítill efniviður fannst í gönguseiði ársins 2018, sem eiga að skila sér 2019. Nær ekkert fannst af stórum seiðum, einungis eitt seiði stærra en eins árs. Sé þetta marktækt verður lítið um gönguseiði sem fara munu út vorið 2018.

Seiðarannsókn á fiskgenga hlutanum var gerð á tímabilinu 31. júlí til 20. ágúst. Ekki var farið á hefðbundna stöð við Varmadal vegna þess að hún var að mestu á þurru. Gerðar voru rannsóknir á svæðinu ofan Tröllafoss 15. ágúst - 6. september til að kanna árangur sleppinga hrygningarfiska á svæðið. Veitt var á þremur stöðvum, frá rétt ofan ármóta við Stardalsá og rétt ofan við Tröllafoss.



Mynd 1. Leirvogsá við Varmadal 24. júní 2019

Niðurstöður


Lax og urriði

Mynd 2 sýnir lengdardreifingu laxaseiða 31/7-20/8. Tafla 1 sýnir fjölda og þéttleika laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-7. Skilyrði til veiða voru mjög óvenjuleg því áin var mjög vatnslítill. Við slíkar aðstæður verða þéttleikatölur hærri. Seiðin þjappast saman og eru vel veiðanleg. Þéttleiki eins og tveggja ára seiða var sá mesti sem mælst hefur, engin þriggja ára seiði fundust, tafla 2 og mynd 3. Alls veiddust 20 urriðaseiði þar af voru 16 sumargömul (mynd 4).


Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	Aldur						Samtals	Þéttleiki Fj./100 m ²
				0+		1+		2+			
			m ²	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml		
4	O. Hrafnhólabrúar	3/8	30	32	3.5	19	5.1	13	7.7	64	213
5	N. Hrafnhólabrúar	31/7	30	47	3.7	9	5.5	4	8	60	200
6	Miðsvæði efra	15/8	50	1	4.5	20	6.5	3	9	24	48
7	Miðsvæði neðra	20/8	30	19	4	5	6.4	2	8.2	26	87
	Samtals:		140	99	3.7	53	5.8	22	8.0		

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49
2016	95	22	7		124
2017	45	13	-		59
2018	30	15	3	0.4	48
2019	71	38	16		124

Tafla 2. Þéttleiki aldurshópa laxaseiða í Leirvogsá 2008-2019



Mynd 3. Þéttleiki seiðaárganga í Leirvogsá 2008-2019




Mynd 4. Lengdardreifing urriðaseiða

Svæðið ofan við Tröllafoss

Laxaseiði fundust á öllu svæðinu sem athugað var. Tveir árgangar fundust í töluverðu magni og höfðu seiðin vaxið mjög vel. Þau ná gönguþroska á tveimur árum. Seiðin voru flest svæfð og sleppt aftur eftir myndatöku, nokkur voru drepin til aldursgreininga. Niðurstöður sjást í töflu 3 og mynd 5.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð m ²	Aldur				Samtals	Þéttleiki Fj./100 m ²
				0+		1+			
				Fjöldi	ml	Fjöldi	ml		
1	Við Stardal	15/8	10	8	4	6	6.7	14.0	140
2	Neðan Stardals	15/8	15	9	4.9	4	8.3	13.0	87
3	Ofan Tröllafoss	20/8	20	20	5.4	1	8.9	21.0	105
	Samtals:		45	37	5.1	11	7.5	48	107
	Fj/100m ²			82		24			

Tafla 3. Fjöldi og meðallengd (ml) laxaseiða á stöðvum 1-3 ofan við Tröllafoss 15-20 ágúst 2019.




Mynd 5. Lengdardreifing laxaseiða ofan við Tröllafoss 15-20 ágúst 2019.

Seiðin ofan við Tröllafoss vaxa miklu betur en þau gera á fiskgenga svæðinu neðan við fossinn. Munurinn liggur í mismunandi þéttleika, sem skapast af stærð hrygningarstofnsins. Oft hefur verið sýnt fram á að hæfileg hrygning gefur betri árangur en of mikil hrygning. Þetta skýrist af því að þegar of mikið er af seiðum verður mikil samkeppni sem veldur hæfum vexti og mik

Hitafar

Vorið var mjög hlýtt og tíð hagstæð í apríl og maí. Þar munaði mestu um óvenju hlýjan apríl. Gróður fór snemma af stað. Var vorið það næsthlýjasta frá upphafi mælinga í Reykjavík, Stykkishólmi og á Akureyri, vorið 1974 var hlýrra á þessum stöðum.


Hitamæling í Leirvogsá sýnir þetta vel en það er það hlýjasta síðan reglulegar hitamælingar hófust, mynd 10 og tafla 4. Gönguseiði ársins hafa því fengið góð skilyrði til að þroskast.




Mynd 10. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2019 rauð lína, 2018 blá lína, 2017, græn lína og 2016, gul lína.

Mánuður	Vika	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Apríl	1			3.0			
	2			3.3	1.3	3.9	
	3	2.4		3.5	2.3	4.9	
	4	4.5	1.7	3.8	2.9	5	7.7
Maí	1	5.9	3.2	4.7	6.4	3.9	7.4
	2	6.6	3.7	5.9	5.9	5.7	6.1
	3	6.7	4.6	6.6	7.0	5.5	8.8
	4	7.4	5.5	6.0	9.3	6.8	9.9
Júní	1	10.1	6.8	8.5	8.6	9.2	8.4
	2	11.2	6.8	10.5	8	8.6	10.7
	3	10.6	8.2	10.6	9.4	8.4	12.3
	4	10.8	10.1	10.4	9.8	8.2	
Júlí	1	9.3	10.2	11.3	9.9	8.7	
	2	10.5	10.3	11.2		8.9	
	3	10.7	9.8	12.0		10.4	
	4	12.0	10.2	12.6		10	

Tafla 4. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2014-2019.



Mynd 11. Vatnshiti í Leirvogsá 24. apríl til 18. júní 2019



Mynd 12. Rafveiðistöðvar í Leirvogsá 2019